



Opið
8-24
alla daga
Á EIÐISTORGI
HAGKAUP



Hópurinn sem fór til Vestmannaeyja. Frá vinstri: Stefán F. Siggeirsson, Gunnar Gunnarsson, Már B. Gunnarsson, Ólafur Egilsson, Grétar Guðni Guðmundsson, Þorsteinn Stefánsson, Þráinn Viggósson, Sverrir Hannesson, Ægir Ólason, Ágúst Ragnarsson, Valgeir Gestsson, Viðar Hjartarson, Þórleifur Jónsson, Stefán Bergmann, Logi Helgason, Jón Rafn Sigurjónsson, Guðmar Marelsson og sr. Bjarni Þór Bjarnason.

Ógleymanlega ferð til Vestmannaeyja

Kaffikarlar sem hittast tvisvar sinnum í viku í safnaðarheimili Seltjarnarkirkju fóru í vorferð til Vestmannaeyja 23. maí síðastliðinn. Lagt var af stað til Eyja kl. 7.30 um morguninn. Fararstjóri var Grétar Guðni Guðmundsson sem er Vestmannaeyingur. Veðrið var einstaklega gott alla ferðina. Sjóferðin úr Landeyjahöfn með Herjólfí tók aðeins rúman hálf tíma.

Hópurinn fór í Eldheima og skoðaði það merkilega safn sem tileinkað er Gosinu í Eyjum. Einnig fór hópurinn í Sagnheima Byggðasafn Vestmannaeyja og í stafkirkjuna og skoðaði Skansinn í leiðinni.

Framhald á bls. 4.



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

ÓKEYPIS
GREIÐSLUMAT
Á NETINU

 HÚSNÆÐISÞJÓNUSTA
ÍSLANDBANKA

Netgreiðslumat Íslandsbanka
er endurgjaldslaust til ársloka

 Íslandsbanki

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Borgarlínan

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur samþykkt að taka þátt í undirbúningsverkefni vegna Borgarlínu. Með því hafa öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ákveðið að sameinast um verkefnið.

Athygli vekur að meirihluti og minnihluti bæjarstjórnar tóku áhöndum saman um samþykkt þessarar þátttöku. Athygli vekur einnig að meirihlutinn klofnaði í málinu. Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar greiddi einn bæjarfulltrúa atkvæði á móti.

Magnús Örn hefur áður lýst sig andvígán borgarlínu og talið allar hugmyndir um þetta verkefni óljósar og geti átt eftir að kosta skattgreiðendur umtalsverðar fjárhæðir.

Á hinn bóginn má benda á ýmsa ókosti þess fyrir Seltjarnarnesbæ að standa utan borgarlínunnar. Verði það að veruleika má gera ráð fyrir að þessi samgönguæð verði leidd hjá Nesinu.

Slikt getur í framtíðinni leitt til þess að fólk kjósi síður búa sér heimili þar. Erfiðara getur orðið að fá fólk utan bæjarfélagsins til vinnu á Seltjarnarnesi og að íbúðaverð kunnri að lækka til lengri tíma litid.

Skeri Steltjarnesbær sig frá að þessu leyti kann að verða spurt með meiri þunga en verið hefur hvort nokkur ástæða sé til þess að bærinn verði sjálfstætt sveitarfélag í framtíðinni.

Bjarna Pálssonar minnst á Seltjarnarnesi



Séra Bjarni Þór Bjarnason, N.N., Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir og Alma Möller landlæknir.

Þess var minnst á Seltjarnarnesi sunnudaginn 19. maí að 300 ár voru liðin frá fæðingu Bjarna Pálssonar landlæknis. Hann fæddist 12. maí árið 1719. Bjarni lét byggja Nesstofu og bjó þar í 16 ár. Hann lagði grunn að þeirri heilbrigðisþjónustu sem við njótum í dag.

Alma D. Möller landlæknir og Ólafur Ólafsson, fyrrverandi landlæknir lögðu blómsveig að minnismerkinu um Bjarna Pálsson í Nesi kl. 9.30 árdegis og séra Bjarni Þór Bjarnason sagði nokkur orð um Bjarna Pálsson. Fræðslumorgun var haldinn á neðri hæð Seltjarnarneskirkju kl. 10. Ágúst Einarsson, prófessor emeritus, flutti afar merkilegan og vandaðan fyrirlestur um brautryðjandann Bjarna Pálsson, landlækni. Guðsþjónusta hófst í Seltjarnarneskirkju kl. 11. Ræðu dagsins flutti Alma D. Möller. Sóknarprestur þjónaði fyrir altari. Viðar Hjartarson, læknir, las ritningarlestur og Erlingur Þorsteinsson las einnig ritningarlestur, en hann er afkomandi Bjarna Pálssonar. Seltjarnarnessókn bauð síðan öllum viðstöddum upp á veitingar eftir athöfn í safnaðarheimilinu.



Alma Möller landlæknir flutti ræðu dagsins í Seltjarnarneskirkju.



Ágúst Einarsson flutti fyrirlestur um Bjarna Pálsson.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband
Við skoðum og gerum tilboð!**

**www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook

Kjötkompaní

GRILLUM
GRAND

— Í ALLT —

SUMMAR



Grandagarði 29 • 101 Reykjavík | Dalshrauni 13 • Hafnarfirði

www.kjotkompani.is



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)

Framhald af forsiðu.



Ólafur Egilsson, Þorsteinn Stefánsson og séra Bjarni Þór Bjarnason í Vestmannaeyjum.

Þá fór hópurinn út í Stórhöfða og vítt og breitt um Heimaey. Grétar Guðni Guðmundsson og kona hans Anna Guðrún Hafsteinsdóttir eiga hús í Eyjum sem er sumarhús þeirra hjóna. Grétar Guðni bauð hópnum sem samanstóð af 18 kaffikörlum og bílstjóranum, Hilmari Hilmarsyni, fyrirverandi sláturhússtjóra á Sauðárkróki. Grétar Guðni bauð hópnum upp á frábærar veitingar, þrenns konar brauð, karfa- og laxabollur, plokksk, rækjur, heimalagað remúlaði, heimalagaða kindakæfu, krækling, fýlsegg og margt fleira. Allan þennan mat hafði Grétar Guðni útbúið sjálfur og einnig bakað brauðið. Maturinn smakkaðist einstaklega vel og voru móttökurnar konunglegar.

Hópurinn kom til baka á Nesið klukkan rúmlega tíu um kvöldið. Ferðin var ógleymanleg og eru Grétari Guðna færðar innilegar þakkir fyrir frábæran dag í Eyjum.



Glæsilegt veisluborð beið hópsins í boði Grétars Guðna Guðmundssonar.

Endurskoðun á Bygggarðasvæðinu samþykkt



Tölvugerð mynd ASK arkitekta af fyrirhuguðu byggingasvæði við Bygggarða á Seltjarnarnesi. Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar hefur nú veitt samþykki fyrir byggingaframkvæmdum.

Þetta mál á sér langan aðdraganda og hefur verið til umræðu nánast það sem af er þessari öld. Málið stöðvaðist um árabíl eftir bankahrunið 2008 en síðar var rykið dustað af því að

nýju. Bygggarðamálið hefur verið nokkuð umdeilt á Seltjarnarnesi þar sem sitt hefur hverjum sýnst um fjölda bygginga, bílastæða og þó einkum hæð þeirra. Eins og sjá má á myndinni fellur hin fyrirhugað byggð vel að nánasta umhverfi. Skammt frá má sjá hið nýja hjúkrunarheimili en þar að baki er Nesstofa og einnig hið óráðstafaða hús sem reist var fyrir lækningaminjasafn. Á hina höndina er býlið Ráðgerði, Snoppa eða síðan Grötta.

PC og Apple tölvuviðgerðir

Fullkomið tölvuverkstæði og margra ára reynsla og þekking fagmanna

 TÖLVULAND

Skeljagrandi 1 · 107 Reykjavík
Sími 899 3417 · www.tolvuland.is



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Ópið virka daga kl. 10 - 18:30



DIDRIKSONS



BOJAN JAKKI
17.995 KR.



MILLY PARKA JAKKI
19.995 KR.



AVON REGNJAKKI
7.995 KR.



TUBA JAKKI
19.995 KR.



**SLASKEMAN
POLLAGALLI**
8.995 KR.



GULL REGNJAKKI
8.995 KR.



RUSK POLLAGALLI
13.995 KR.



EDLYN REGNSLÁ
9.995 KR.



**SPRAY
POLLAGALLI**
14.995 KR.



**BOARDMAN
POLLAGALLI**
12.995 KR.



**WATERMAN
POLLAGALLI**
9.995 KR.



**GRAND YOUTH
REGNFÖT SETT**
13.995 KR.

ELLINGSEN

FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVABRAUT 1-3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916 / WWW.ELLINGSEN.IS

Bridgesfélagið á Seltjarnarnesi

Hélt upp á annað starfsárið



Jón Hilmar Jónsson tekur á móti fyrstu verðlaunum úr hendi Magnúsar Marteinsonar.

Bridgesfélagið á Seltjarnarnesi hélt nýverið upp á lok annars starfsárs síns með veglegum verðlaunum og veitingum. Fyrstu verðlaun, leikhúsmiða fyrir tvo, hlutu Jón Hilmar Jónsson og Vilborg G. Kristjánsdóttir og önnur verðlaun, konfektikassa, hlutu Arnþrúður Halldórsdóttir og Valgerður Hjaltested.

Þessi tvö starfsár hafa byrjað á fullsetnum námskeiðum undir leiðsögn Guðmundar Arnarsonar, fyrrverandi heimsmeistara í bridges, frá Bridgesambandi Íslands.

Í vetur var spilað tvisvar í viku, á þriðjudögum og föstudögum, í Eiðismýri 30, kl. 13:30 til 16:30. Spilað var á tveimur borðum og stundum þremur.

Félagið er opið öllum Seltirningum og eldri borgurum úr öðrum bæjarfélögum. Næsta spila ár hefst 16. ágúst 2019. Hægt er að bæta við borðum og vel tekið á móti þeim, sem koma.



Veitingar voru veglegar eins og sjá má.
Myndir Ásta Valdimarsdóttir.



Samþykkir að taka þátt í undirbúningi Borgarlínu

Bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar samþykkti á fundi sínum í liðinni viku að taka þátt í undirbúningsverkefni um Borgarlínu. Þá hafa öll sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu sameinast um að taka þátt í undirbúningi þessa samgöngumannvirkis. Athygli vekur að meirihluti bæjarstjórnar tók höndum saman við minnihlutann gegn forseta bæjarstjórnar og formanni bæjarráðs.

Í bókun Sigrúnar Eddu Jónsdóttur, Bjarna Torfa Álfþórssonar og Ásgerðar Halldórsdóttur bæjarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins segir að Borgarlína sé samstarfsverkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu til að bregðast við fyrirsjáanlega auknum umferðarþunga á næstu 25 árum. Skipulagning Borgarlínu sé lykilverkefni í þróun byggðar á höfuðborgarsvæðinu. Með henni er stuðlað að því að fjölgun íbúa og ferðamanna næstu áratugi hafi ekki þau áhrif á umferð að tafir í henni margfaldist. Borgarlína mun auka afköst almenningssamgangna, sér í lagi þar sem byggð er þétt eða hægt er að þetta hana. Síðar í bókum þremmenninganna segir að ef Seltjarnarnes taki ekki þátt í þessu verkefni væri verið útilokað aðkomu bæjarins að þeirri vinnu og stefnumörkun að framtíðarskipulagi almenningssamgangna. Eitt og sér hafi Seltjarnarnes ekki bolmagn til að efla Strætó bs frekar án aðkomu annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Við styðjum frekari eflingu almenningssamgangna og forgangsreinar fyrir strætó og teljum að þessi vinna sé hluti af þeirri vegferð sem við þurfum að fara í til þess.

Glapræði að standa utan

Í bókun bæjarfulltrúa Samfylkingarinnar kemur meðal annars fram að algjört glapræði væri ef Seltjarnarnesbær stimpli sig út úr samstarfi á þessu stigi málsins. Borgarlínuverkefnið sé framtíðarlausn á samgöngumálum innan höfuðborgarsvæðisins og mun hún verða lífæð hverfa og sveitarfélaga í framtíðinni. Bent er á að það mun verða gífurleg skerðing á lífsgæðum Seltirninga ef bæjarfélagið verði ekki hluti af undirbúningi Borgarlínukerfisins sem mun bitna á fasteignaverði, möguleikum fólks ferðast milli staða, óhagræði við að reka fyrirtæki og stofnanir á Nesinu ásamt því að erfiðara mun verða að fá starfsfólk til að vinna hjá Seltjarnarnesbæ sem ekki býr í sveitarfélaginu.

Röksemdir fyrir sjálfstæði Seltjarnarness

Í bókun viðreisnar Neslista kemur meðal annars fram að Borgarlínan sé mikilvægasta þróunarmálið sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu koma sameiginlega að. Ef Seltjarnarnesbær ákveði á einhverjum tímamarki að ganga úr slíku samstarfi megi segja að bæjarbúar hafi sagt sig úr lögum við önnur sveitarfélög og slíkt myndi vega alvarlega að röksemdinni fyrir Seltjarnarnesi sem sjálfstæðu sveitarfélagi.

Magnús einn á móti

Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar greiddi einn atkvæði á mót því að bæjarfélagið tæki þátt í undirbúningi borgarlínu. Með því lagðist hann gegn félögum sínum í meirihluta bæjarstjórnarinnar.

Í bókun hans frá fundi bæjarstjórnar segir að samningarnir hljóði upp á 1,6 milljarða frá SSH og ríki. Hugmyndir um verkefnið séu að sínu mati óraunhæfar með öllu eins og þær liggja fyrir. Áætlanir um heildarkostnað og fjármögnun séu í besta falli óljósar og engin umræða um rekstrarforsendur og rekstrarkostnað hafi farið fram. Því er óábyrgt af kjörnum fulltrúum að skrifa undir samninga sem hafa svo óþekktu útkomu fyrir skattgreiðendur.

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



Unnið að byggingu kalda pottisins í sundlauginni.

Kaldur pottur í sundlauginni

Kaldur pottur verður nýjasta viðbótin í Sundlauginni á Seltjarnarnesi. Potturinn er góð viðbót við aðstöðuna í sundlauginni og er væntanlegur innan tíðar en hönnunarvinna hefur farið fram undanfarin misseri.

Haukur Geirmundsson sundlaugarstjóri og Margrét Leifsdóttir arkitekt hófu samstarf um útlit og nýtingarmöguleika á köldum potti og að sögn Hauks var fyrirmyndin frá NLFÍ í Hveragerði, svokölluð skiptiböð. Þar er gengið niður í heitt og upp hinu megin niður í kalt. Hér á Seltjarnarnesi var hins vegar tekin ákvörðun um að staðsetja pottinn á milli nuddpottisins og eimbaðsins og því ekki talið nauðsynlegt að hafa heita kerfið einnig. Hjá okkur verður það því þannig að þegar farið er úr kalda kerinu getur fólk valið um að fara annað hvort í nuddpottinn eða eimbaðið ef það kys hita á eftir. Áætlað er að kalda potturinn verði tilbúinn fyrir sundlaugargesti þann 1. júlí nk. en um framkvæmdina hefur Jóhannes Benjamínsson húsasmíðameistari séð ásamt vösku liði frá þjónustumiðstöðinni.

Póstkassi settur upp á Eiðistorgi



Póstkassinn er á áberandi stað á framhlið Hagkaups.

Póstkassi hefur verið settur upp á Eiðistorgi en eins og kunnug er var pósthúsið sem þar var flutt í byggingu Bændahallarinnar við Hagatorg á liðnum vetri. Frá þeim tíma hefur engin póstpjónusta verið á Nesinu.

Póstkassanum hefur verið valinn staður á framhlið Hagkaups en Bókasafn Seltjarnarness

er á hæðinni fyrir ofan. Þarna eiga margir leið um á degi hverjum og nú er hægt að stinga bréfum í kassann í stað þess að fara með þau um lengri leið – inn á Hagatorg eða annað. Eina sem fólk þarf að gera er að eiga frímerki vilji það senda bréfa-póst. Póstkassinn býður eftir frímerktum bréfum.

MotorMax Smurstöð

Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímabætur!



Motormax ehf
Vatnagörðum 12
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með hágæða **MOTUL** olíum.

Viðtal við Walter Lentz

Nauðsynlegt að nýta það fallega sem landið hefur að bjóða

Walter Lentz sjón-tækjafraeðingur er fæddur 1934 og uppalinn í Köln í Þýskalandi. Köln er meira en tvö þúsund ára gömul borg sem rómverska keisaradrottningin Colonia Aggripianensis lét byggja. Walter kom til Íslands árið 1955 og lifði því öll stríðsárin í Þýskalandi og þær hörmungar sem þeim fylgdu. Á síðustu árum heimsstyrjaldarinnar fór hann og fjölskyldan á hverjum degi eða nóttu í kjallarann eða næsta loftvarnarbyrgi. Fólk varð mjög óttaslegið þegar það heyrði í fleiri en 100 sprengiflugvélum og ískrið í sprengjunum út um allt.

Um 80% af Köln var eyðilögð og um 40 þúsund óbreyttir borgarar létu lífið. Árið 1944 fór Walter með móður sinni til Austur Þýskalands þar sem allt var rólegra í sveitinni. Faðir Walters vann hjá Ford bílaverksmiðjunum í Köln sem deildarstjóri og slapp við hermennsku. Walter og móðir hans upplifðu aðrar hörmungar þegar stríðinu lauk og Rússar hertóku svæðið. Þar voru Mongólar og Kósakkar á ferðinni og var mikið ráðist á konur. Brátt var öllu fólki sem áttu ekki lögheimili á svæðinu skipað að fara burt. Walter og móðir hans fóru meira og minna fótgangandi um 400 kílómetra leið til Kölnar. Fóru þau oft fram hjá rústum og föllnum hermönnum. Þetta var ótrúleg reynsla. Það tók þau um sex mánuði að komast til Kölnar þar sem faðir Walters og eldri bróðir voru heilir á húfi. Þessi reynsla kenndi þeim að vera nægjusöm og ánægð með að lifa af allar hörmungarnar.

Hafði lesið Nonnabækurnar

Eftir skólagöngu fór Walter árið 1949 að læra sjóntækjafraeði sem er þriggja og hálfis árs nám samhliða



Walter Lentz ásamt eiginkonu sinni Ragnheiði Sigurðardóttur.

tækniskóla sem lauk með prófi í faginu. Eftir tveggja ára vinnu hittu Walter skólabróðir sinn sem vann á Íslandi og útvegaði honum starf hér á landi og tækifæri til að vikka sjóndeildarhringinn. Walter vissi lítið um Ísland en hann hafði aðgang að kaþólsku bókasafni og var búinn að lesa Nonnabækurnar. Árið 1955 kom hann með Gullfossi til Íslands.

Kynntist konunni minni

Eftir eins árs vinnu í gleraugnaverslun ætlaði Walter að fara til Ameríku. En úr því varð ekki. Walter kynntist konunni sinni Ragnheiði. Foreldrar hennar voru Kristjana Hafstein

dóttir Hannesar Hafstein og Sigurður Jónsson verkfræðingur og forstjóri Slippfélagsins. Ragnheiður og Walter giftu sig 1957. Þau eiga tvo syni Hannes sem er tryggingaræðgjafi og Pétur sem er flugstjóri. Barnabörnin eru sex, Kristína sem er alþjóðalögfræðingur, Kristófer Páll viðskiptafræðingur, Eva María verðandi atvinnuflugkona, Davíð Walter, Linda Ragna og Tómas öll nemendur.

Stofnaði gleraugnaverslun

Árið 1961 stofnaði Walter gleraugnaverslun á Laugarvegi 12. Þar var mjög rólegt til að byrja með og þurfti Walter að hafa mikið fyrir

því að vinna hana upp. Hann gerði allt sjálfur og vann mikið, stundum fram á nótt. Hann fórnaði ýmsu fyrstu árin til að sjá bjartari framtíð. Árið 1968 keypti hann húsnæði að Laugavegi 65 og árið 1973 opnaði hann glæsilega gleraugnaverslun þar, verslun sem enn er starfandi.

Sjónmælingarnar breyttu starfinu

Eftir að hafði rekið Gleraugnasölu í allmörg ár urðu nokkrar breytingar á starfsumhverfinu. Sjóntækjafraeðingar vildu fá réttindi til þess að gera sjónmælingar. Þetta kom til vegna þess að biðtími hjá augnlæknum var oft mjög langur. Hingað kom enskur próffessor til

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Walter og Ragnheiður við golfbílinn sinn á golfvöllinum á Seltjarnarnesi þangað sem þau aka á honum frá heimili sínu við Steinavörina.

Þess að kenna þessi fræði. Hann kom í nokkur ár og kenndi mörgum sjóntækjafræðingum sjónmælingar. Walter segir að nokkuð hafi þurft að hafa mikið fyrir þessu. Rifja upp það sem maður hafi lært og bæta nýju við. Öll kennsla var á ensku og fagorðin var ekki að finna í neinum orðabókum. Walter tók próf í sjónmælingum og við sem fórum í gegnum þetta fengum réttindi til að skoða augun í fólki. Þetta breytta starfssvið sjóntækjafræðingana hefur reynst vel og verið flestum til góða. Árið 2000 seldi hann Gleraugnasölu eftir 50 ára starf.

Félagsstörf og ferðir

Walter hefur verið lifandi í félagsstörfum. Hann var formaður sjóntækjafræðinga á Íslandi og átti sæti í stjórn Slippfélagsins

um tíma. Var í fimm ár í stjórn Badminton sambandsins og nú eru þau hjónin í Rotaryklúbbum á Seltjarnarnesi sem Walter finnst lifandi og skemmtilegum félagsskapur. Hann segir þau reyna að láta gott af okkur leiða. Það tengi fólk andlega við lífið. Þau hafa líka ferðast talsvert eftir að hann hætti að vinna. Fórum alls í tíu heimsreisur með Ingólfi Guðbrandssyni. Þau hafa einnig farið í singingiferðir og svo golfferðir. Ingólfur gat verið skemmtilegur en var dálítið sérstakur. Það þurfti eiginlega að læra á hann. En allt hafi þetta verið ánægjulegar ferðir.

Hefur alltaf stundað íþróttir

Walter snýr sér að öðru. Hann hefur alla tíð verið mikið fyrir

íþróttir og útlíf og nú á golfið hug hans allan. Þess má geta að Walter sigraði í golfmót hjá Golfklúbbum Oddi í Garðabæ nýlega og fékk í vinning golfferð til Búlgaríu. Hann byrjaði ungar að spila handbolta og fór síðan að spila badminton sem hann stundaði af lífi og sál um tíma. Hann fékk verðlaunapeninga þegar hann var 43 ára. Hann kveðst hafa byrjaði of seint að spila til þess að ná bestu tóktunum. Til þess verði að byrja ungar. Walter keppti í öldungaflokki sem er 50 ára og eldri og varð nokkrum sinnum Íslandsmeistari í badminton. Walter hefur einnig stundað fleiri íþróttir og má þar nefna laxveiði, skíði og bridge.

Reyndi á heilsuna

Walter segist hafa reynt talsvert

á heilsuna. Hann fékk brjóskað og þurfti síðar að fara í mjaðmaaðgerð ekki einu sinni heldur tvisvar á þriggja vikna tímabili. Hann varð einnig að fara í hjartaaðgerð. Hann var farinn að finna fyrir óþægindum. Hafði verið að spila golf eins og venjulega og búinn að fara hringinn. Fann þá fyrir óþægindum og fannst eins og hann væri að verða búinn. Fór að láta líta á þetta og bjóst við að það þyrfti að hreinsa æðar eða blása. En þegar búíð var að skoða hann var talið að ekkert annað myndi duga en að skipta um æðar. Þær væru orðnar svo þröngar. Hann kveðst heppinn að lenda hjá góðum lækni. Tómasi Guðbjartssyni og tveimur vikum síðar var hann kominn undir hnífinn. Þegar hann spurði hann hversu lengi svona aðgerð myndi duga var svarið að hún gæti alveg endst í tuttugu ár. Walter bendir á að fylgjast verði vel með sjálfum sér í ellinni og vita hvað gera megi til að lifa heilbrigðu lífi. Hann segir að konan passi upp á sig. Hann drekkur ekki kaffi en er orðinn fastur við teið. Fær sér eitt og eitt björglas öðru hvoru eða rauðvín með matnum.

Falleg blóm við innganginn

Walter er að vinna í garðinum heima. Falleg tré og blóm prýða innganginn að heimili þeirra hjóna. Walter vill hafa snyrtilegt í kringum sig. Hann segir að þegar maður flytji á milli landa sé nauðsynlegt að nýta það það fallega sem landið hafi að bjóða. Walter hefur örugglega tekist það vel. Hann tók í hendina á komumanni við rauðu túlipanana sem voru að blómstra við innganginn heima hjá honum og þakkaði fyrir komuna.



Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgeði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðskipti

Skiptum um framrúður og önnurnum annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðtjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhlíða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

**KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN**

Leikskóli Seltjarnarness

Verðlaunatillagan verður útfærð frekar

Alls bárust 27 tillögur í hönnunarsamkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi. Fyrstu verðlaun hlaut tillaga Andrúms arkitekta en þeir eru Haraldur Örn Jónsson, Hjörtur Hannesson og Kristján Garðarsson. Dórnafnd valdi síðan fjórar þeirra til áframhaldandi keppni á öðru þrepi keppinnar í samræmi við ákvæði keppnislýsingar. Ákveðið var að veita þremur tillögum viðurkenningu með innkaupum og þremur tillögum viðurkenningu sem athyglisverðar tillögur. Leikskólanum er ætlaður staður á núverandi leikskólasvæði sunnan Suðurstrandar. Stéft er að því að taka þá tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun til frekari útfærslu.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri sagði í ávarpi þegar tillögurnar voru kynntar á Eiðistorgi á dögnum að með hönnunarsamkeppninni væri að hefjast nýr kafli í byggingarsögu leikskóla hér á landi því honum væri ætlað að rúma 300 börn undir einu þaki. Dórnafnd hafði meðal annars að leiðarljósi að um heildaryfirbragð, vandaða og góða byggingarlist og aðlögun að umhverfi væri að ræða. Einnig staðsetningu á lóð með tilliti til aðkomu



Þannig lítur hugmynd Andrúms arkitekta að nýjum leikskóla á Seltjarnarnesi út.

og umferðar auk samspils og útsvæði. Þá var stuðst við áfanga-skiptingu sem valda muni lágmarks röskun á núverandi starfsemi leikskólans meðan á byggingarframkvæmdum stendur. Þá var hvatt til umhverfisvænnar nálgunar, lausnir

og efnisval taki tillit til byggingarkostnaðar, rekstrarkostnaðar auk umhverfis- og vistfræðilegra þátta og endingar. Í dórnafnd sátu af hálfu Seltjarnarnesbæjar, Gestur Ólafsson arkitekt og skipulagsfræðingur, Soffía Guðmundsdóttir leikskólastjóri og Baldur Pálsson fræðslustjóri. Af hálfu Arkitektafélagi Íslands sátu í nefndinni arkitektarnir Sigurður Halldórsson og Hildur Gunnlaugsdóttir.

Í umsögn dórnafndar um þá tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun segir að um mjög metnaðarfulla tillögu sé að ræða sem mæti vel forsendum í keppnislýsingu. Heildaryfirbragð sé áhugavert og ásýnd hans styrki miðbæjarrými

Seltjarnarness. Byggingin sé skemmtilega brotin upp og vel staðsett á lóð með tilliti til aðkomu og umferðar. Með því að byggja yfir bílastæði nái þessi tillaga stærsta útivistarsvæði þeirra tillagna sem komust á annað þrep keppinnar. Tillagan uppfylli vel hugmyndafræði um stærð rýma, innra fyrirkomulag og bætir stöðu leikskólakennara til muna.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri segir afar ánægjulegt hversu margir tóku þátt í hönnunarsamkeppninni og margar tillögur feli í sér mjög frambærilegar lausnir á viðfangsefninu. Þær séu vel útfærðar og góður vitnisburður um hæfni höfunda.

Húsfélagþjónusta
Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundur
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu

• EIGNA umsjón www.eignaumsjon.is

FALLEGIR LEGSTEINAR

Opið: 10-17
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Bæjarstjórnarfundur á þremur mínútum

Á fundi bæjarstjórnar Seltjarnarness sem haldinn var miðvikudaginn 22. maí sl. tókst bæjarfulltrúum að afgreiða nokkur mál sem fyrir fundinum lágu á aðeins þremur mínútum. Fundurinn hófst klukkan 17.00 og honum var slitið klukkan 17.03.

Á þessum stutta tíma afgreiddi bæjarstjórnin fjórar fundargerðir auk þess að taka síðari umræðu um breytingu á samþykkt um stjórn Seltjarnarnesbæjar. Umræðurnar hafa því ekki tekið langan tíma. Fundur bæjarstjórnar sem haldinn var miðvikudaginn 25. apríl 2018 tókst einnig að afgreiða fyrirbyggjandi mál á þremur mínútum. Á þeim stutta tíma afgreiddi bæjarstjórnin níu fundargerðir. Meðal annars mál sem innihéldu aðalskipulag Reykjavíkur 2010 til 2030 og gjaldskrá skipulags- og byggingarfulltrúa bæjarins. Bæjarstjórnin hefur því náð fyrra meti í skammri lengd funda.



Jónsmessuhátíð á Seltjarnarnesi 2019



Jónsmessuganga og gleði mánudaginn 24. júní kl. 19.30

Við höldum í hefðir og hvetjum bæjarbúa til að taka þátt í Jónsmessugleði á Seltjarnarnesinu okkar fallega! Genginn verður þægilegur hringur um náttúruperluna okkar í suðurnesjunum og stoppað á áhugaverðum stöðum þar sem hægt verður að njóta útsýnis í bland við fróðleik.

Gangan hefst við Hákarlahjallinn við Norðurströnd kl. 19.30

- 1 Hákarlahjallinn**
Kl. 19.30 verður safnast saman hjá **Sigga í Hákarlaskúrnum** við Norðurströnd sem býður gestum bæði að reka inn nefið og upp á hákarl og brennivín áður en lagt verður af stað kl. 20.00.
- 2 Fiskitrönur og lögguhlið**
Á göngunni verður stoppað við fiskitrönurarnar og lögguhliðið sem hafa verið endurbætt en **Guðmundur Jón Helgason** (Jóni) segir okkur sögu þeirra og frá fleiri markverðum stöðum á leiðinni auk þess að sýna hvar æskuheimili hans hinn sögufrægi Nýibær stóð.
- 3 Nesstofa**
Haldið verður sem leið liggur að Nesstofu þar sem að hjónin **Haraldur Jóhannsson** (Halli í Nesi) og **Fjóla G. Friðriksdóttir** segja m.a. frá tíma sínum þar en Halli ólst upp í Nesstofu og þar byrjuðu þau hjónin að búa auk þess sem Ólöf, móðir Haraldar var síðasti ábúandinn í Nesstofu.
- 4 Seltjörn hjúkrunarheimili**
Jónsmessugangan endar á nýja og fallega torginu við hjúkrunarheimilið Seltjörn þar sem að boðið verður upp á veitingar frá hitaveitunni og **Bjarki Harðarson** mun spila skemmtileg lög á harmonikkuna sem allir geta sungið við.
Göngugestum býðst ennfremur að skoða dagdvöl hjúkrunarheimilisins og ætlar **Kristján Sigurðsson** stjórnandi þess að segja frá því hvernig gengur. Toppurinn er svo ganga upp á þakið þar sem hægt er að njóta útsýnis í allar áttir.

Allir bæjarbúar eru boðnir velkomnir!



SELTJARNARNESBÆR

UMHVERFISHORNID



Viðurkenningar 2019

Útskrift 10. bekkjar Valhúsaskóla fór fram fimmtudaginn 6. júní 2019 við hátíðlega athöfn í Seltjarnarneskirkju. Umhverfisnefnd veitti tveimur útskriftarnemum viðurkenningar. Daníel Ólafur Stefánsson Spanó hlaut viðurkenningu fyrir árangur og ástundun í náttúrufræðum og Andrea Irina Denisdóttir hlaut hvatningarverðlaun í náttúrufræðum. Þá veitti menningarnefnd tvær viðurkenningar fyrir framlag til menningar og lista á Seltjarnarnesi. Viðurkenningar fengu Daníel Ingi Arason og Júlía Óskarsdóttir.

Umhverfisnefnd og menningarnefnd Seltjarnarness óska þeim og öðrum útskriftarnemum innilega til hamingju með áfangann.

*Hannes Tryggvi Hafstein
Guðrún Jónsdóttir*

Rótarýfélagar gróðursetja



Félagar í Rótarýklúbbi Seltjarnarness tóku þátt í gróðursetningu í fallettu veðri í Bakkagarði nú nýlega. Meðal trjátegunda sem plantað var voru gráölmur, heggur, gljámistill, úlfareynir, garðahlynur og japanskvistur.

Trausta leiðsögn veitti þeim þær Steinunn Árnadóttir garðyrkjustjóri Seltjarnarness og aðstoðarkona hennar Karen Sif Magnúsdóttir. Gaman er að sjá hve fallett er orðið í Bakkagarði og vonandi er þessi gróðursetning Rótarýfélaganna aðeins byrjun á öðru og meira.

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Frá útkomu síðustu Nesfrétta hefur ýmislegt verið brallað í félagsstarfinu. Fimmtudaginn 16. maí var vorhátíð í aðstöðu félagsstarfsins í salnum á Skólabraut. Kvöldið byrjaði með söng nokkurra kvenna úr Kvinnakór Reykjavíkur. Þá kom Grillvagninn og boðið var upp á hamburgarapartý. Síðan mætti stúlknafljósveitin Konfekt og tók nokkur lög við góðar undirtektir.

Seinnipartinn í maí var farin sameiginleg ferð félagsstarfsins og kirkjunnar. Byrjað var í morgunverði í safnaðarheimili Árbæjarkirkju. Þaðan lá leiðin á hreppsskrifstofur Hvalfjarðarsveitar. Það var víða komið við í sveitarfélaginu bæði til að fræðast og skoða, en einnig til að nærast. Dagurinn var virkilega upplýsandi og vel heppnaður.

Síðasta skipulagða samverukvöld ungmennaráðs og eldri borgara var svo miðvikudagskvöldið 22. maí á Skólabraut. Góð þátttaka var á kvöldinu, en ungmennin buðu upp á keppni í kubb. Það voru margir sem aldrei höfðu tekið þátt í kubbaleiknum og höfðu á orði að væri betra seint en aldrei. Síðan var boðið upp á ís og spjall fram eftir kvöldi.

Hefðbundnu vetrarstarfi félags og tómstundastarfs eldri bæjarbúa á Nesinu lauk með ákaflega falletta handverksýningu í salnum á Skólabraut sem opnaði á uppstigningardag / dagur eldri borgara. Sýningin stóð yfir í þrjú daga. Á sýningunni var margt falletta muna sem unnir hafa verið á námskeiðum í handverki í vetur. Á sýningunni voru listaverk unnin úr leir og gleri, útsaumur, prjón og hekl ásamt falletta unnum bókbandsverkum og verkum unnin í tré. Sýningin var vel sótt að venju.

Starfinu er þó hvergi nærri lokið þó hlé verði gert á námskeiðunum í sumar. Búið er að skipuleggja næstu 2 mánuði með þeim Thelmu og Jóhanni Þór, en Thelma sá einnig um sumarstarfið í fyrrasumar og Jóhann Þór kemur ferskur inn.

Dagskráin verður fjölbreytt. Haldið verður snjallsíma- og spjaldtölvunámskeið nú um miðjan júní. Fimmtudaginn 27. júní verður sumargleði í salnum á Skólabraut þar boðið verður upp á skemmtun, söng og gleði og seldar veitingar og drykkir. Einnig verður lögð áhersla á útveru þegar veður leyfir, útileikir og skemmtun. Alla virka daga er kaffikrókurinn kl. 10.30. Leikfimi í salnum á Skólabraut kl. 11.00 á mánudögum, fimmtudögum og föstudögum. Vatnsleikfimin verður á sínum stað. Einnig verður púttáð á golfvöllinum einusinni í viku, botsía, bingó og félagsvist svo eitthvað sé nefnt. Dagskrá sumarsins var dreift í hús nú í byrjun júní og er þar að finna allar helstu upplýsingar um sumarstarfið, en dagskráin er í gildi frá 11. júní - 16. ágúst. Hvetjum fólk til að láta sjá sig og vera með.



Kyrrðarstund í Borgarfirði

Síðasta kyrrðarstund vetrarins í Seltjarnarneskirkju var haldin upp í Borgarfirði 5. júní sl. í sumarbústað sem nefndur er Jaðar en hann er í eigu Elínar Gissurardóttir og Barða Theódórssonar. Meðfylgjandi mynd var tekin við það tilefni.

Afmæli, krísur og spennandi framtíðarsýn

Nú þegar eitt ár er liðið frá bæjarstjórnarkosningum er gaman að staldra við og líta um öxl. Ég myndi óska þess að ég gæti ritað langa grein um öll þau afrek sem bæjarstjórnin hefur unnið og hvernig við í Samfylkingunni höfum náð í gegn okkar baráttumálum, íbúum bæjarins til hagsbóta. En veruleikinn er dálítið annar, þetta ár hefur fyrst og fremst farið í það að bregðast við krísum og nýjum vinnubrögðum Sjálfstæðismanna sem fengu í fyrsta sinn minnihluta atkvæða Seltirninga í kosningunum síðasta vor. Þessi nýja staða gerði þau ekki auðmjúk og samstarfsfús heldur brugðu þau á það ráð að verða aggressív, fara í vörn og halda ákvörðunum sem næst sér. Þetta birtist í því að fyrstu mál meirihlutans voru að hafna tillögu um áheyrnarfulltrúa Neslista/Viðreisnar í bæjarráði eins og hefð var fyrir, lögð var fram tillaga um að fækka bæjarstjórnarfundum um helming og fékk minnihlutinn enga aðkomu að undirbúningi fjárhagsáætlunar ólíkt því sem tíðkast hefur síðastliðin ár.

Krísu í fjárhag bæjarins

Fjárhagur bæjarins hefur verið ofarlega á dagskrá en fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 2019 hafði í för með sér hækkunir á gjaldskrár fyrir eldri borgara og barnafjölskyldur. Niðurskurðarkrafa var sett á grunnskólann, bekkir stækkaðir og valáföngum á unglíngastigi fækkað. Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar 2018 var samþykktur með 264 milljóna króna tapi A sjóðs sem var 324 milljónum frá því sem áætlanir

gerðu ráð fyrir. Meirihlutinn hefur þurft að kaupa utanaðkomandi ráðgjafa til að aðstoða sig við rekstur bæjarins og við að halda utan um fjármálin.

Ófjármagnað kosningaloforð upp á 2 milljarða

Eitt jákvætt og skemmtilegt verkefni sem bærinn vann á árinu var að halda hugmyndasamkeppni um nýjan og glæsilegan leikskóla og var metþátttaka í samkeppninni. Margar glæsilegar tillögur bárust sem mundu tvímælalaust stórbæta aðstöðu leikskólans og gera húsnæðið það flottasta sem fyrirfinnst. Þetta kosningaloforð meirihlutans um að rífa núverandi leikskólahúsnæði og byggja nýjan 300 barna leikskóla á sama stað, sýnir sig nú að muni kosta bæinn rúmlega 2000 milljónir. Engin áætlun hefur verið lögð fram um hvernig bærinn hyggst fjármagna framkvæmdina en á sama tíma er komin krafa um niðurskurð á grunnpjónustu bæjarins, viðhaldi á öðru húsnæði bæjarins er ekki sinnt og met lántaka síðasta árs hækkandi skuldir bæjarins um rúma tvo milljarða.

Framtíðarsýn Samfylkingar Seltirninga

Það væri vel hægt að nefna fleiri mál sem hefðu betur mátt fara á þessu fyrsta ári en nú er komið nóg af orðum um krísur meirihlutans. Við í Samfylkingu Seltirninga höfum nú þegar lagt fram fjármagnaðar tillögur um að ráðast í nauðsynlegar viðhaldsaðgerðir á íbúðum fólks

með fötlun við Sæbraut, endurnýja húsgögn og aðbúnað í grunnskólanum, endurnýja Félagsheimili Seltjarnarness og koma upp öflugri félagsmiðstöð fyrir eldri borgara. Við höfum einnig lagt til að bærinn fari í samstarf við Gróttu um íþróttir fyrir eldri borgara, við höfum



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

barist gegn hækkunum á gjaldskrár eldri borgara og barnafólks og hvatt bæinn til að taka á móti flóttafólki. Við höfum einnig lagt til lausnir í umhverfismálum, að bærinn taki upp grænt bókhald og verði áfram virkur þátttakandi í samstarfi SSH um framtíðar skipulagningu samgangna á höfuðborgarsvæðinu. Þessar hugmyndir hafa fæstar verið samþykktar af meirihlutunum og getum við auðvitað ekki stýrt því hvaða ákvarðanir þau taka. Við höfum því ákveðið að einbeita okkur að því að nýta næsta ár til að fara í samstarf við bæjarbúa um að teikna upp framtíðarsýn Seltirninga, um hvernig við viljum sjá sveitarfélagið okkar þróast til lengri tíma. Við munum fá til okkar skapandi og skemmtilegt fólk og vonumst til að bæjarbúar taki virkan þátt með okkur við að móta öfluga, spennandi og skemmtilega framtíðarsýn fyrir bæinn okkar.

Guðmundur Ari Sigurjónsson



Mikið úrval af TYR sundfatnaði - nýjar gerðir og litir, úr DURAFast 300+ efninu, sem er sérlega klórþolið og lithelt.

Kíktu á úrvalið á heimasíðu okkar

www.aquasport.is

Aqua Sport
www.aquasport.is

Bæjarlind 1-3, 201 Kópavogur
sími: 5640035



Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

Jón G. Bjarnason,
umsjón útfara



Útfararþjónusta
& lögfræðipjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfara ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | utfor.is



www.systrasamlagid.is



Rakel Lóa og Tinna Brá í úrtakshópi U15 ára landsliðs kvenna



Þær Rakel Lóa og Tinna Brá hafa verið valdar í hóp sem tekur þátt í úrtaksæfingum U15 ára landsliðs kvenna dagana 11.-15. júní. Þær eru báðar á yngra ári í 3. flokki kvenna en eru lykilleikmenn í A-liði flokksins.

Tinna Brá spilaði í markinu hjá meistaraflokki kvenna í allan vetur en Rakel Lóa hefur einnig verið að spila með meistaraflokki. Það verður spennandi að fylgjast með þessum stelpum í sumar sem og í framtíðinni. Til hamingju stelpur!

HEIMALEIKJAKORT GRÓTTU 2019

Gildir á alla heimaleiki hjá meistaraflokki karla og kvenna sumarið 2019

11 karla leikir
6 kvenna leikir

Pantanir berast á
jarunmaria@grottusport.is

Verð: 7500 kr.
Tvö á 12.000 kr.
4500 kr. fyrir 16-25 ára

1X2

GETRAUNANÚMER
GRÓTTU ER
170

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.
13:00-14:30

Fimmtudaga
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga
13:00-17:00

Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is



Meistaraflokkur kvenna í æfingaferð í Svíþjóð

Meistaraflokkur kvenna hélt til Bosön í Svíþjóð í æfingaferð dagana 5. til 10. júní. 20 leikmenn, einn liðsstjóri og þrjár þjálfarar héldu í ferðina snemma á miðvikudagsmorgni.

Í Bosön beið hópnum frábær aðstaða, gervigrasvöllur, styrktarsalur, fjölbreytt og hollt fæði og skemmtileg kojustemning. Veðrið lék við hópinn, sólin skein og kannski full heitt fyrir suma, að minnsta kosti á meðan æfingum stóð. Hópurinn nýtti tímann vel og æfði sjö sinnum á fimm dögum, fór og fylgdist með leik Svíþjóðar – Möltu, spókaði sig um í miðbæ Stokkhólms og liðsfundirnir voru einnig ófáir. Ferðin gekk vel í alla staði og er hópurinn enn tilbúnari í átök sumarsins, þéttari sem nokkru sinni fyrr.

Sumarnámskeið fyrir 4. og 5. flokk

Fyrir krakka fædda 2005-2008

Námskeið 1: 11. júní - 21. júní

Hlaupatækninámskeið undir stjórn Brynjars Gunnarssonar
Þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga, frá 10:30-12:00.

Námskeið 2: 24. júní - 5. júlí

Styrk, liðleika og hreyffærni námskeið undir stjórn
Bjargeyjar Sigurborgar Ólafsdóttur
Mánudaga, miðvikudaga og föstudaga, frá 10:30-12:00.

Námskeið 3: 8. júlí - 19. júlí

Fótbolti með sérhæfingu undir stjórn þjálfara knattspyrnudeildar Gróttu

Námskeið 4: 22. júlí - 2. ágúst

Fótbolti með sérhæfingu undir stjórn þjálfara knattspyrnudeildar Gróttu

Verð 6.900 kr.

Skráning fer fram á grotta.felog.is

VIVALDI



Systrasamlagið 6 ára: Afslættir allan júní



Möntruhringir sem eru líka hálsmen

Möntrubönd í úrvali



Jógadýnur og fylgihlutir úr umhverfisvænum niðsterkum korki

Viridian
- framúrskarandi
vítamín
og bætiefni



Ómótstaðilegir

Lífrænn
undursamlegur
jógafatnaður

Þar sem andinn býr í efninu

BLÁR DRYKKUR Á
BOÐFNABARNUM GEGN BLÚS

Afgreiðslutími:
Mán: 10-16
Þri-fös: 10-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Hákon Rafn Valdimarsson. Hann er 17 ára og er aðalmarkvörður í meistaraflokki Gróttu sem leikur í Inkasso-deildinni. Hákon hefur spilað vel það sem af er sumri en hann varði til dæmis víti á ögurstundu í frænum sigri Gróttu á Keflavík í lok maí. Á dögunum æfði Hákon með U21 árs landsliði Íslands undir stjórn Arnars Þórs Viðarssonar og Eiðs Smára Guðjohnsen.

Fullt nafn? Hákon Rafn Valdimarsson.

Fæðingard. og ár? 13. október 2001.

Starf? Fótboltamaður.

Farartæki? Ég og Gussi vinur minn erum byrjaðir að hjóla hvert sem við förum.

Helstu kostir? Er góður og rólegur strákur.

Eftirlætis matur? Pizzunar á veitingastaðnum Primo eru í miklu uppáhaldi.

Eftirlætis tónlist? Hlusta mikið á tónlistarmanninn Luigi.

Eftirlætis íþróttamaður?

Cristiano Ronaldo.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Þættirnir Suits.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Brennu-Njáls saga er ein af uppáhalds.

Uppáhalds leikari? Rowan Atkinson er fyndinn.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Ég og Daði Már vinur minn erum á því að Skyscraper sé sú besta.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Æfi fótbolta, fer í sund og hitti vini mína eða spila með þeim Fortnite.



Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Borgin Prag er rosa flott.

Hvað metur þú mest í fari annarra? Mér finnst skemmtilegast að vera í kringum skemmtilegt fólk.

Hvern vildir þú helst hitta?

Lebron James.

Uppáhalds vefsíða? Netflix.com

Hvað vildir þú helst fá í

afmælisgjöf? Góðan og flottan bíl.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir

10 milljónir í happdrætti? Ég myndi kaupa mér bíl og líklega halda eitthvað sturlað party.

Hvað myndir þú gera ef þú værir

bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi taka burtu hlaupabrautina á Vivaldi

vellinum og færa stúkuna nær

vellinum.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Verða atvinnumaður í fótbolta.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Æfði fótbolta og þjálfaði í

fótboltaskóla Gróttu.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogur

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfsdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Nesfréttir

Auglýsingasími: 511 1188


Þú færð allt
**PALLA-
EFNIÐ**

hjá okkur



BOSCH
Græna línan

Frábær gæði á frábæru verði!



**REIKNADU ÚT
ÆTLAN
KOSTNAÐ**

í girðinguna og
pallinn á BYKO.is



Leigðu verkfærin
hjá okkur
www.lmleiga.is

Komdu í

LAGNADEILD

OPIÐ

VIRKA DAGA 8-18:30

LAUGARDAGA 10-18

SUNNUDAGA 11-17

WWW.BYKO.IS



BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!